

**Gróður og fuglalíf á fyrirhuguðum
vegstæðum á Siglufirði**

**Elín Gunnlaugsdóttir og
Aðalsteinn Örn Snæpórsson**

Unnið fyrir Vegagerðarina á Sauðárkróki

NÍ 99015

Akureyri , nóvember 1999

EFNISYFIRLIT

1 INNGANGUR	3
2 KÖNNUN Á GRÓÐRI	3
2.1 Aðferðir	3
3 ALMENN GRÓÐURLÝSING	3
3.1 Skarðdalsvegur að skíðasvæði Siglfirðinga	3
3.2 Vegurinn í átt að Héðinsfirði - Skútudalsvegur	5
4 SJALDGÆFAR TEGUNDIR	6
5 AÐFLUTTAR TEGUNDIR	6
6 FLOKKUN GRÓÐURS Í GRÓÐURFÉLÖG	10
6.1 Inngangur	10
6.1.1 Aðferðir við gagnasöfnun	10
6.1.2 Aðferðir við flokkun gróðurs	10
6.1.3 Úrvinnsla gagna	11
7 KÖNNUN Á FUGLALÍFI	13
7.1 Skarðsdalsvegur að skíðasvæði Siglfirðinga	13
7.2 Vegurinn í átt að Héðinsfirði - Skútudalsvegur	13
8 VERNDARGILDI	15
9 TILMÆLI VEGNA FRAMKVÆMDANNA	15
10 HEIMILDIR	15

SKRÁ YFIR TÖFLUR

TAFLA 1 Plöntuskrá	7
TAFLA 2 Gróðurfélög	13

1 INNGANGUR

Að beiðni Vegagerðarinnar á Sauðárkróki tók Náttúrufræðistofnun Íslands að sér að athuga gróður og fuglalíf á svæðum, þar sem (1) fyrirhugað er að breyta Skarðdalsvegi í Siglufirði og þar sem (2) fyrirhugað er að gera veg í átt að Héðinsfjarðargöngum - Skútudalsvegur.

Elín Gunnlaugsdóttir tók að sér, ásamt aðstoðarmanni, Sóleyju Jónasdóttur, að kanna gróðurinn og skrifa skýrslu um þær athuganir. Athugunin fór fram 26. og 27. júlí 1999. Allar tegundir blómplantna og byrkninga sem fundust á svæðinu voru skráðar, stuttar lýsingar gerðar á gróðurlendum og gróðurgreiningar (gróðuranalýsur) í fáeinum, sérstökum gróðurlendum.

Aðalsteinn Örn Snæþórsson tók að sér að kanna fuglalífið og skrifa skýrslu um þá konnun. Sú könnun fór fram í júlí 1999.

2 KÖNNUN Á GRÓÐRI

2.1 Aðferðir

Útmæld veglína upp að skíðaskála Siglufirðinga liggur sums staðar á sama stað og Skarðdalsvegurinn eða sker hann á nokkrum stöðum, þannig að fyrirhugað vegstæði liggur yfir náttúruleg gróðurlendi, að mestu ósnortin. Þessar aðstæður voru notaðar við að skifta svæðinu niður í deilissvæði þ. e. óskemmdu svæðin eru meðhöndluð sem deilissvæði. Nefnd eru helstu gróðurlendi á hverju deilissvæði og þær tegundir sem eru mest áberandi í gróðursvipnum vegna mikillar þekju eða eru áberandi á annan hátt.

Svæðinu um fyrirhugað vegstæði að Héðinsfjarðargöngum var ekki skift í deilissvæði, enda liggur mesti hluti þess á ósnortnu svæði (svæði 6).

Gróðurinn kringum bæði þessi vegstæði ber öll merki þess að svæðið er mjög snjóþungt og margar snjóðædategundir er að finna, tegundir, sem eru bundnar við snjóþung svæði landsins. Einnig eru gróðurfélögin, sem eru lítt rannsökuð mjög sérstæð, óþekkt frá öðrum stöðum á landinu

Þegar gróðurkönnunin fór fram höfðu veglínurnar verið mældar og merktar með stikum. Er vísað til þeirra í gróðurlýsingum í samræmi við kort Vegagerðarinnar Gengið var með báðum veglínunum og allar tegundir blómplantna og byrkninga voru skráðar á vettvangi. Tegundaskrár þessar eru sýndar í TÖFLU 1. Tegundirnar voru skráðar á ca. 20 m breiðu beltum til hvorrar handar við fyrirhugaðar veglínur.

3 ALMENN GRÓÐURLÝSING

3.1 Skarðdalsvegur að skíðasvæði Siglufirðinga

Hér á eftir fer lýsing á fyrirhuguðu vegstæði og því hvernig það liggur í landslaginu og afstöðu þess til eldri vega. Fyrirhuguðu vegstæði er skipt í deilissvæði þar sem það vísar frá núverandi Skarðdalsvegi. Síðan er því lýst í fáum orðum, hvaða gróðurlendi koma fyrir á hverju svæði og nefndar eru ríkjandi tegundir og einnig þær sem eru mjög sjaldséðar, sem koma fyrir í hverju þeirra. Svæðin eru talin ofan frá.

Svæði 1

er í 164-186 m h. y. s. um efstu beygjuna, þ. e. 160 m langur kafli af fyrirhuguðum vegi. Það er ofan við skíðaskálann að mestu. Eftirtalin gróðurlendi er að finna á svæðinu:

- # Melkollur er efst á svæðinu, þar sem krækilyng ríkir og lyngmóar eru sunnan í móti þar sem aðalbláberjalyng og bláberjalyng eru mest áberandi.
- # Blómlendi er neðar og þar er greinilega snjóþyngra og rakara. Þar er maríustakkur mest áberandi í brekkunum ásamt blágresi og einnig er finnungi nokkuð áberandi.
- # Votlendi þ. e. dý og lækir eru inn á milli í blómlendinu. Meðfram dýjunum og lækjunum ríkja mosategundir.
- # Finnungsbrekkur þar sem annað hvort finnundur eða aðalbláberjalyng er ríkjandi. Fjandafæla óx á einum stað í þessum brekkum.
- # Burknadældir með þúsundblaðarós eru ofarlega á svæðinu. Þar var gróðurinn augljóslega nýkominn undan snjó (26.7 1999). Sunnar er lækjargil með gróskumikilli þúsundblaðarós hér og hvar og þrílaufungur óx við stein neðan við gilið.
- # Reskigróður (þ.e. gróður á landi, sem hefur verið raskað) er við skíðaskálann með skriðsóley, fagurfíflí, fjallafoxgrasi, lækjafrahyrnu og fleiri tegundum sjá gróðurgreininu í TÖFLU 2, raðnr.:1.

Því næst kemur 400 m langur kafli sem liggur nánast á sama stað og gamli vegurinn.

Svæði 2

er sunnan núverandi vegar, Skarðsvegar, í 96-122 m h y.s. á 200 m löngum kafli. Snjóðældagróður er ríkjandi.

- # Finnungsbrekkur eru víðáttumesta gróðurlendið en þar ríkir finnundurinn ríkir ásamt aðalbláberjalynginu og víða blómstra brönugrös og setja svip sinn á gróðurinn.
- # Burknadældir með skollakambi eru í grunnum dældum í finnungsbrekkunum suður við gilbarminn.
- # Votlent er neðst, þ. e. dý og lækur, þar uxu m. a. hrafnaklukka, klófífa, hrafnafífa og ætihvönn.

Svæði 3

tekur við af svæði 2 og er um 300 m langan kafla að ræða. Svæðið er norðan Skarðdalsvegar og er í 58-96 m h y.s. og tekur við norðan og neðan við en þó mest norðan við Skarðdalsveginn, en beggja vegna “gamla” Skarðdalsvegarins. Þar skiftast á melhólar og ýmis önnur gróðurlendi svo sem:

- # Finnungsbrekkur með finnungi, aðalbláberjalyngi og brönugrösom.
- # Votlendi þ.e. snjóðælda-mýradrög er að finna inn á milli með klófífu, barnamosa (*Sphagnum*) og brönugrösom.
- # Blómlendi er norðan í móti þar sem hallar niður að læk. Mest ber á maríustakk og brennisóley ásamt klófífu, klóelftingu, túnfíflum og kornsúru.
- # Votlendi þ. e. dý með mosum, ásamt m.a. lindardúnurt og lækjargrýtu er mitt í blómlendinu.
- # Burknadæld er ofar í gili sem einnig veit mót norðri, en þar er þúsundblaðarós nánast einráð dýpst í kvosinni sjá TÖFLU 2, raðnr.:2-4.
- # Lyngmóar með ríkjandi aðalbláberjalyngi og skollaberi eru í gilinu ofan við burknadældina sjá TÖFLU 2, raðnr.:5-7.

Síðan kemur 140 m langur kafli sem er næstum samsíða Skarðdalsvegi í 42-58 m h.y.s.

Svæði 4

er smáhorn í 32-42 m h.y.s.á milli Skarðdalsvegur og skógræktargirðingarinnar, en sá vegkaflinn er 100 m langur.

Graslendi er helsta gróðurlendið á þessu svæði. Þar er tóftarbrot á hól sem er grasi vaxinn. Hálíngresi er ríkjandi en einnig eru þar túnsúra , túnsóley, túnfífill og klóelfting.

Finnungsbrekka er neðar á hólnum þar sem finnundur er ríkjandi ásamt beitilyngi og bugðupunti.

Melar þar sem grámosi (*Racomitrium* spp.)er ríkjandi, er norðaustan í hólnum.

Því næst er 300 m langur kafli á sama stað og Skarðdalsvegur í 10-32 m h. y.s.

Svæði 5

er í 6-10 m h sunnan Skarðdalsvegur og nær yfir veg sem liggur að hesthúsahverfinu og niður að Fjarðará. Þetta er 160 m langur vegkafl. Efsti hluti þess lítur út fyrir að vera gamalt tún (sáðslétta). Gróðurlendin á svæðinu eru:

Tún. Þar er graslendi efst með ríkjandi hálíngresi ásamt snarrót, skarífílli, túnsóley og túnsúru. Á bletti er breiða af silfurhnapp.

Það er votlent neðantil. Gróður á votlendasta hlutanum var rótnagaður af hrossum. Þar eru tjarnir og gamlar og grónar svarðargrafir með klófífu, gulstör, engjarós og horblöðku. Á þessu svæði fundust líka stjörnusteinbrjótur, mýradúnurt og þráðsef svo einhverjar tegundir til viðbótar séu nefndar.

Næst ánni, Fjarðará er graslendi með ríkjandi snarrót, en einnig eru þar túnsóley, klóelftingu, hálíngresi og túnfíflum í nokkru mæli ásamt vallarsveifgrasi.

Neðst er kafli 520 m langur í u.þ.b. 6-8 m h sem fer yfir tún og raskað land, sem ástæðulaust var að gera úttekt á.

3.2 Vegurinn í átt að Héðinsfirði - Skútudalsvegur

Fyrirhugaður vegur liggur í sveig upp brekkur samkvæmt ríssi á korti að miklu leiti eftir rökum brekkum og mýrlendi. Ekki var talin ástæða til að skifta veglínunni niður í deilissvæði, en allt svæðið er tekið í einu lagi sem svæði 6. Erfitt var að finna neðstu stikurnar, þar sem hross höfðu rutt þeim um koll.

Svæði 6

nær frá grafreitnum upp á brekkubrún. Að mestu er um óraskað land að ræða. Allra efsti hluti þess vegar, sem rissaður var á kort er á svæði, sem þegar hefur verið raskað og því ástæðulaust að gera úttekt á gróðrinum þar. Gróðurlendin sem fyrirhugaður vegur mun fara um talin í grófum dráttum ofanfrá.

Mólendi. Efst á svæðinu eru krækilyngsmóar á hólunum. Þar eru mest áberandi auk krækilyngsins, bláberjalýng, ljónslappi, bugðupunktur og beitilyng.

Votlendi af ýmsu tagi. Finnungsmýri með klófífu. Tjarnir og mýrdrög eru inn á milli hólanna. með tjörnunum eru klóffífa mest áberandi, sumsstaðar er keldustör Barnamosi (*Sphagnum*) er víða í mýrunum þar sem klófífan er aðaltegundin ásamt mýrafinnungi og finnungi.

Finnungsbrekkur með aðalbláberjalyngi og brönugrössum sem helstu tegundir eru víða á svæðinu.

Melkollar eru ofarlega á svæðinu. Þar ber mest á sauðamerg, krækilyngi, beitylyngi, holtasóley og hvítmöðru.

Melar eða flag-melkollar með grámosa (*Racomitrium* spp.), snjómosa (*Anthelia* spp.) og grámullu í jöðrum flaganna

Lyngmóar þar sem beitylyng og krækilyng ríkjja en fléttur (*Cladonia* spp.) eru áberandi í gróðursvipnum og skógatildri (*Hylocomium splendens*) er mest áberandi af mosategundunum.

Snjódældamýri með barnamosa (*Sphagnum* spp.), klófífu, mýrfjólu, mýrastör og kornsúru.

Dý með mosum ásamt stjörnusteinbrjót og klófífu.

Bláberjalyngsmýri með vetrarkvíðastör, finnungi, klófífu og kornsúru auk bláberjalyngsins. Sumsstaðar í mýrunum eru horblaðka og engjarós áberandi

Rakar finnungsbrekkur eru víða á svæðinu. Þar ríkir finnungerinn, en hér og hvar eru klóffífa, gulvíðir og brönugrös nokkuð áberandi.

Neðst er vallendi á tóft þar sem hálíngresi er ríkjandi í gróðursvipnum, en áberandi eru líka túnfífill, túnsúra, skarífífill og túnsóley og hér og hver eru gulmaðra, stinnastör, bugðupunktur.

4 SJALDGÆFAR TEGUNDIR

Heildarfjöldi skráðra tegunda við Skarðdalsveg reyndist vera 111 sjá. TÖFLU 1, svæði 1-5. og talsverður breytileiki var milli svæða bæði vegna mismunandi hæðar yfir sjó, snjóalaga og stærða svæðanna. Heildarfjöldi tegunda við fyrirhugað vegstæði í Skútudal var 75, sjá TÖFLU 1, svæði 6.

Talsverður breytileiki er líka milli svæða 1-5 annars vegar og svæðis 6 hins vegar.

Engin skráðra tegunda er á valista en allmargar þeirra eru sjaldgæfar á landinu. Sjaldgæfastar eru bláklukkulyng, skollaber, skollakambur, þúsundblaðarós og keldustör.

Litunarjafninn er bundinn við snjóþung svæði. Takmarkaða útbreiðslu á landinu hafa fjandafæla, brönugrös, þrílaufungur, dökkhæra og lotsveifgras.

Lítið er vitað um útbreiðslu eggjasjóðs og sama gildir um smátegundir maríustakks, en hér hafa tvær verið greindar þ. e. hnoðamariústakkur og hlíðamariústakkur.

5 AÐFLUTTAR TEGUNDIR

Gróðurinn upp með Skarðdalsvegi hefur orðið fyrir áhrifum frá þéttbýlinu. Tegundir sem fylgja búsetu manna var að finna á svæði 5, þ. e. túninu, sem lítur út fyrir að vera gömul sáðslétta. Þar fundust m.a. silfurhappur og rauðsmári. Lengra upp með Skarðdalsvegi fundust alaskalúpína, skuggasteinbrjótur, dagstjarna og spánarkerfill og við skíðaskálann óx m. a. fagurfífill, sjá TÖFLU 1.

TAFLA 1 PLÖNTUSKRÁ

Tegundir sem fluttar hafa verið úr gördum eða borist hafa á annan hátt út í villta náttúru eru auðkenndar með “o” í staðinn fyrir “x” í töflunni.

Latneskt nafn	Íslenskt nafn	Svæði no.					
		1	2	3	4	5	6
<i>Achillea millefolium</i>	Vallhumall	x	.
<i>Achillea ptarmica</i>	Silfurhnappur	x	.
<i>Agrostis capillaris</i>	Hálingresi	.	x	x	x	x	x
<i>Agrostis stolonifera</i>	Skriðlíngresi	x	x	.	.	.	x
<i>Alchemilla alpina</i>	Ljónslappi	x	x	x	x	.	x
<i>Alchemilla glomerulans</i>	Hnoðamariústakkur	x
<i>Alchemilla filicaulis</i>	Hlíðamariústakkur	x	x
<i>Alchemilla vulgaris</i> s.l.	Mariústakkur	.	.	x	x	x	.
<i>Angelica arcangelica</i>	Ætihvönn	.	x
<i>Anthoxanthum odoratum</i>	Ilmreyr	x	x	x	x	x	x
<i>Athyrium distentifolium</i>	Þúsundblaðarós	x	.	x	x	.	.
<i>Bartsia alpina</i>	Lokasjóðsbróðir	x	x	x	x	.	x
<i>Bellis perennis</i>	Fagurfífill	o
<i>Betula nana</i>	Fjalldrapi	x
<i>Blechnum spicant</i>	Skollakambur	.	x	.	.	.	x
<i>Botrychium lunaria</i>	Tungljurt	.	.	x	.	.	.
<i>Calluna vulgaris</i>	Beitilyng	x	x	x	x	.	x
<i>Caltha palustris</i>	Hófsóley	x	x
<i>Cardamine nymmanii</i>	Hrafnaklukka	.	x	x	.	x	x
<i>Carex bigelowii</i>	Stinnastör	x	x	x	x	x	x
<i>Carex canescens</i>	Blátoppastör	.	.	.	x	x	.
<i>Carex chordorrhiza</i>	Vetrarkvíðastör	x	x
<i>Carex lachenalii</i>	Rjúpstör	x	x
<i>Carex lyngbyei</i> X <i>nigra</i>	Gulstararblendingur	x	.
<i>Carex lyngbyei</i>	Gulstör	x	x
<i>Carex nigra</i>	Mýrastör	x	.	.	x	x	x
<i>Carex paupercula</i>	Keldustör	x
<i>Carex rariflora</i>	Hengistör	x	x
<i>Carex rostrata</i>	Tjarnastör	.	.	x	.	x	x
<i>Carex saxatilis</i>	Hrafnastör	x
<i>Carex vaginata</i>	Slíðrastör	.	x	x	.	.	.
<i>Cerastium cerastoides</i>	Lækjafrahyrna	x
<i>Cerastium fontanum</i>	Vegarfi	x	x	x	x	x	x
<i>Coeloglossum viride</i>	Barnarót	x	x	x	x	.	x
<i>Corallorhiza trifida</i>	Kræklurót	x	.
<i>Cornus suecica</i>	Skollaber	.	.	x	.	.	.
<i>Dactylorhiza maculata</i>	Brönugrös	x	x	x	x	x	x
<i>Deschampsia alpina</i>	Fjallapunktur	x	x	.	.	.	x
<i>Deschampsia cespitosa</i>	Snarrótarpunktur	x	x	x	x	x	.
<i>Deschampsia flexuosa</i>	Bugðupunktur	x	x	x	x	x	x
<i>Diphasiastrum alpinum</i>	Litunarjafni	x
<i>Dryas octopetala</i>	Rjúpnalauf	.	.	x	x	.	x
<i>Empetrum nigrum</i> s.l.	Krækilyng	.	x	x	x	.	x
<i>Epilobium alsinifolium</i>	Lindardúnurt	.	.	x	.	.	x
<i>Epilobium anagallidifolium</i>	Fjalladúnurt	x	x
<i>Epilobium hornemannii</i>	Heiðadúnurt	x	x	.	.	.	x
<i>Epilobium lactiflorum</i>	Ljósadúnurt	.	x
<i>Epilobium palustre</i>	Mýradúnurt	x	x
<i>Equisetum arvense</i>	Klóelfting	x	x	x	x	x	x
<i>Equisetum palustre</i>	Mýrelfting	.	.	x	.	x	.
<i>Equisetum pratense</i>	Vallelfting	x	.	x	x	x	.
<i>Eriophorum angustifolium</i>	Klófífa	x	x	x	x	x	x
<i>Eriophorum scheuchzeri</i>	Hrafnafífa	.	x	x	.	x	x

<i>Festuca rubra</i> s.l.	Túnvingull	.	x	x	x	x	.
<i>Festuca vivipara</i>	Geitvingull	.	x	x	x	.	x
<i>Galium normanii</i>	Hvítmaðra	x	.	x	.	x	x
<i>Galium verum</i>	Gulmaðra	.	x	x	x	x	x
<i>Geranium sylvaticum</i>	Blágresi	x	x	.	.	x	x
<i>Gymnocarpium dryopteris</i>	Frílaufungur	x	.	.	x	.	.
<i>Hieracium</i> spp.	Undafíflar	x	x	x	x	x	x
<i>Hippuris vulgaris</i>	Lófótur	x	.
<i>Huperzia selago</i>	Skollafingur	x	x	.	x	.	x
<i>Juncus alpinoarticulatus</i>	Mýrasef	.	.	.	x	.	x
<i>Juncus filiformis</i>	Fráðsef	.	x	x	x	x	.
<i>Juncus trifidus</i>	Móasef	.	x	x	x	.	x
<i>Kobresia myosuroides</i>	Fursaskegg	.	x	x	.	.	x
<i>Leontodon autumnalis</i>	Skarifífill	.	x	.	.	x	.
<i>Loiseleuria procumbens</i>	Sauðamergur	x	x	x	x	.	x
<i>Lupinus nootkatensis</i>	Alaskalúpina	.	o	o	.	.	o
<i>Luzula multiflora</i>	Vallhæra	x	x	x	x	x	x
<i>Luzula spicata</i>	Axhæra	x	x	.	x	x	x
<i>Luzula sudetica</i>	Dökkhæra	x	x	.	.	.	x
<i>Menyanthes trifoliata</i>	Horblaðka	x	x
<i>Montia fontana</i>	Lækjagrýta	.	.	x	.	.	.
<i>Myosotis arvensis</i>	Gleym-mér-ei	.	.	x	.	.	x
<i>Myrrhis odorata</i>	Spánarkerfill	.	o
<i>Nardus stricta</i>	Finnungur	x	x	x	x	x	x
<i>Omalotheca norvegica</i>	Fjandafæla	x
<i>Omalotheca supina</i>	Grámulla	x	.	x	.	.	x
<i>Phleum alpinum</i>	Fjallafoxgras	x	x	x	x	x	x
<i>Phleum pratensis</i>	Vallarfoxgras	x
<i>Phyllodoce coerulea</i>	Bláklukkulyng	.	x	x	.	.	.
<i>Pilosella islandica</i>	Íslandsfífill	.	x	x	.	.	.
<i>Pinguicula vulgaris</i>	Lyfjagras	x	x	x	x	x	x
<i>Platanthera hyperborea</i>	Friggjargras	x	x	x	.	x	x
<i>Poa alpina</i>	Fjallasveifgras	.	.	x	x	.	.
<i>Poa annua</i>	Varpasveifgras	x
<i>Poa flexuosa</i>	Lotsveifgras	x
<i>Poa pratensis</i>	Vallarsveifgras	.	.	x	.	x	.
<i>Polygonum viviparum</i>	Kornsúra	x	x	x	x	x	x
<i>Potentilla palustris</i>	Engjarós	x	.
<i>Pyrola minor</i>	Klukkublóm	x	x
<i>Ranunculus acris</i>	Túnsóley	x	x	x	x	x	x
<i>Ranunculus repens</i>	Skriðsóley	x
<i>Rhinanthus minor</i>							
<i>ssp. groenlandicus</i>	Eggjasjóður	x
<i>Rhinanthus minor</i>	Lokasjóður	.	.	.	x	x	.
<i>Rumex acetosa</i>	Túnsúra	x	x	x	x	x	x
<i>Rumex longifolius</i>	Njóli	.	.	o	o	o	.
<i>Salix arctica</i>	Fjallavíðir	x	x	x	.	x	x
<i>Salix herbacea</i>	Grasvíðir	x	x	x	x	.	x
<i>Salix lanata</i>	Loðvíðir	x
<i>Salix phylicifolia</i>	Gulvíðir	.	x	.	.	x	x
<i>Saxifraga hypnoides</i>	Mosasteinbrjótur	.	x
<i>Saxifraga stellaris</i>	Stjörnusteинbrjótur	x	.	.	.	x	x
<i>Saxifraga umbrosa</i>	Skuggasteinbrjótur	.	o
<i>Selaginella selaginoides</i>	Mosajafni	.	x	x	x	.	x
<i>Sibbaldia procumbens</i>	Fjallasmári	x
<i>Silene dioica</i>	Dagstjarna	.	o
<i>Stellaria graminea</i>	Akurarfi	x	.
<i>Taraxacum</i> spp.	Túnfíflar	x	x	x	x	x	.
<i>Thalictrum alpinum</i>	Brjóstagras	x
<i>Thymus praecox</i>							
<i>ssp. arcticus</i>	Blöðberg	x	.	x	x	.	x

<i>Tofieldia pusilla</i>	Sýkigras	x	x	x	.	.	x	
<i>Trichophorum cespitosum</i>	Mýrafinnungur	x	x	.	.	.	x	
<i>Trifolium pratensis</i>	Rauðsmári	x	o	
<i>Trifolium repens</i>	Hvítsmári	.	.	x	x	x	.	
<i>Vaccinium myrtillus</i>	Aðalbláberjalyng	x	x	x	x	.	x	
<i>Vaccinium uliginosum</i>	Bláberjalyng	x	x	x	.	.	x	
<i>Veronica alpina</i>	Fjalladepla	x	.	x	.	.	x	
<i>Veronica serpyllifolia</i>	Lækjadepla	.	x	.	.	x	.	
<i>Viola palustris</i>	Mýrfjóla	x	x	.	x	x	x	
Tegundir samtals á svæðum 1-5		56	63	62	48	57		

Tegundir samtals		svæði 1-5					6	
		111					75	

6 FLOKKUN GRÓÐURS Í GRÓÐURFÉLÖG

6.1 Inngangur

Eins og sjá má af ofanrituðu eru hér fjölbreytt gróðurlendi. Ýmsum þeirra hefur ekki verið lýst áður á Íslandi. Þess vegna voru gróðurgreiningar gerðar í fáeinum þeirra, þ. e. sumum af þeim sem sérstakast þóttu.

Fram að þessu mest áhersla við umhverfismat á gróðri verið lögð á einstakar tegundir og útbreiðslu þeirra, þ. e. hvort tegundin sé sjaldgæf eða algeng enda mikil þekking til á því sviði (Kristinsson 1998). Þeir tegundalistar sem birtast eftir gróðurkannanir vegna umhverfismats gefa ekki til kynna í hvaða gróðurfélagi/gróðurfélögum hver tegund vex. Tegundalistarnir eru heildarlistar yfir allar tegundir úr öllum gróðurfélögum, sem fyrirfinnast á svæðinu.

Stuttur lýsing á gróðurlendum fylgir yfirleitt, þar sem nokkrar helstu tegundirnar eru taldar upp.

Gróðurfélögin hafa skift litlu eða engu máli þegar friðun gróðurs varðar. Sjaldgæf tegund getur verið í mismunandi gróðurfélögum/gróðureiningum og því er ekki réttlætandi að leyfa að uppræta hana á einum stað að óathuguðu máli, þó að hún vaxi á nokkrum öðrum stöðum, þar sem hún getur verið hluti af einstöku gróðurlendi á þessum eina stað. Mikið er enn órannsakað í þeim efnum hér á landi. Að sjálfsgöðu á náttúran að njóta vafans.

Gróðurgreiningar (gróðuranalýsur) voru gerðar í fáeinum gróðurlendum. Þær voru gerðar á eftirtöldum stöðum (Númer gróðurgreininganna eru í sviga sjá TÖFLU 2.) Upp með Skarðdalsvegi, svo sem reskinu við skíðaskálann (2); í finnugsbrekkunum (4-9) og í og við þúsundblaðarósardældir (3 og 10-13). Aðeins ein gróðurgreining var gerð í finnugsbrekku á svæði 6 (1.).

Það hefði verið þess virði að gera fleiri gróðurgreiningar í votlendinu við fyrirhugað vegstæði upp í Skútudal en til þess gafst ekki tími. Einkum eru finnugsmyrarnar áhugaverðar.

Úrvinnslan sem fylgir er til bráðabirgða og er aðeins fjallað um háplöntutegundir, þar sem mosar hafa ekki verið greindir til tegunda eru þeir undir ættkvíslaheitum eða heitum stærri hópa í meðfylgjandi töflu (TAFLA 2).

Þar sem þessar töflur eru birtar, verður ekki hjá því komist að fjalla í stuttu máli um aðferðir bæði við gagnasöfnun og flokkun gróðurs sem og að minnast á nokkur hugtök sem notuð eru í þessu samhengi.

6.1.1 Aðferðir við gagnasöfnun

Gróðurgreiningarnar voru gerðar í aflöngum, ferköntuðum reitum, misstórum. Í þessum reitum voru allar tegundir skráðar og hundraðshluti þekju þeirra metinn. Lágplöntum var safnað til greining síðar.

6.1.2 Aðferðir við flokkun gróðurs

Þar sem aðferðir plöntufélagsfræðinnar eru notaðar við flokkun gróðurfélaganna er nauðsynlegt að skilgreina nokkur hugtök plöntufélagsfræðinnar, sem fyrir kunna að koma í þessum texta.

(1) **Einkennandi tegundir**, eru tegundir, sem eru tiltölulega fastbundnar við ákveðna gróðurbletti í ákveðinni gróðureiningu og þess vegna einkenna þær hana og gefa til kynna í hvers konar umhverfi gróðureiningin er.

(2) **Festa** er er skilgreind sem tryggð tegundar við ákveðna gróðureiningu (gróðurfélag). Festa tegndar er reiknuð í hundaradshlutum (%) af því í hve mörgum

gróðurgreiningum af heildarfjölda þeirra, hlutfallslega, viðkomandi tegund kemur fyrir í töflu úr einhverri ákveðinni gróðureiningu. Festu tegundanna er skift niður í festuflokka eftir ákveðnum reglum:

(3) **Festuflokkar** tegundanna koma fram í sérstökum dálkum aftast í hverri grunntöflu þar sem

r	merkir að tegundin komi fyrir í	0- 5 % af gróðurgreiningunum
+	“ “ “ “	“ 5.1- 10 % “ “
I	“ “ “ “	“ 10.1- 20 % “ “
II	“ “ “ “	“ 20.1- 40 % “ “
III	“ “ “ “	“ 40.1- 60 % “ “
IV	“ “ “ “	“ 60.1- 80 % “ “
V	“ “ “ “	“ 80.1-100 % “ “

(4) **Festutegundir** eru tegundir, sem eru með yfir 60 % festu í töflunum, þ.e.a.s. eru í festuflokkum IV og V.

(5) **Fylgitegundir** eru tegundir í gróðureiningunum aðrar en þær tegundir, sem einkenna þau, þ. e. einkennis-, festu- og greinitegundir.

(6) **Greinitegundir** eru tegundir, sem notaðar eru til að aðgreina t.d. deilifélög.

(7) **Gróðurgreining** er sundurliðun gróðurfélags í reit í t.d. tegundir og/eða undirtegundir þar sem einnig er skráð, hve mikið er af hverri þeirra um sig.

(8) **Gróðursveit** er grundvallareining í plöntufélagsfræðinni. Gróðursveitin er einkennd með einkennistegundum og verður a.m.k. ein þeirra jafnframt að vera festutegund, en einnig einkennist gróðursveitin af greinitegundum og festutegundum. -Hér hefur verið valið að nefna gróðureiningarnar aðeins (gróður)félög, þar sem gróðurgreiningarnar eru fáar..

6.1.3 Úrvinnsla gagna

Upplýsingarnar sem söfnuðust í gróðurgreiningum var breytt úr hundradshlutum tegundanna í Braun-Blanquet skala með tölum og táknum en hann er þannig að:

5	merkir	>	75 % þekju
4			50-75 - “
3			25-50 - “
2			5-25 - “
1		<	5 - “
+			fáa einstaklinga með litla þekju
r			einn einstaklingur með litla þekju

Síðan var þekjumatinu og öðrum upplýsingum breytt í Braun-Blanquet skala og upplýsingarnar settar á því formi í eina töflu fyrir tölvuvinnslu. Taflan var síðan keyrð með tölvuforritinu MULVA5L með viðeigandi skilyrðum og birtast niðurstöðurnar í TÖFLU 2 hér á eftir, ásamt frekari úrvinnslu, s. s. útreikninga á festuflokkum.

Eftirtaldar gróðureiningar voru skilgreindar:

Skriðsóleyjar-fagurvífils félag TAFLA 2, raðnr.:1, sem er reskifélag.

Þúsundblaðarósar-túnsóleyjar félag TAFLA 2, raðnr.:2-4, sem er burknasnjódæld.

Finnungs-skollakambs félag TAFLA 2, raðnr.:5-13, sem er snjódældafélag, en undir því eru tvö deilifélög, þ. e.

skollabers deilifélag TAFLA 2, raðnr.:5-7, sem er lyngdæld og

brönugrasa deilifélag TAFLA 2, raðnr.:8-13, sem er grasdæld.

TAFLA 2. Gróðurfélög

Skriðsóleyjar-fagurffíls félag no. 1; þúsundblaðarósar-túnsóleyjar félag no. 2; finnugs-skollakambs félag no. 3 en undir því eru skollabers deilifélag no. 3a og brönugrasa deilifélag no. 3b. Tegundir, sem einkenna gróðurfélögin eru innrammaðar í töflunni.

Númer	11	1 1								
gróðurgreiningar	2 321	310	798645							
Raðnúmer á										
gróðurgreiningu	1 234	567	890123	1111						
Gróðurfélag no.	1	2	3a	3b	1	2	3a	3b	3	
FESTUFLOKKAR										
Tegundir sem einkenna skriðsóleyjar-fagurffíls félags:										
Skriðsóley (<i>Ranunculus repens</i>)	2	1
Fagurffíll (<i>Bellis perennis</i>)	1	1
Hnokkmosateg. (<i>Bryum</i> sp.)	1	1
Krækilyng (<i>Empetrum nigrum</i> s.l.)	1	1
Lækjadepla (<i>Veronica serpyllifolia</i>)	r	1
Lækjafrahyrna (<i>Cerastium cerastoides</i>)	1	1
Varpasveifgras (<i>Poa annua</i>)	r	1
Vegarfi (<i>Cerastium fontanum</i>)	+r	1	.	II	.	I	
Einkennistegundir þúsundblaðarósar-túnsóleyjar félags:										
Þúsundblaðarós (<i>Athyrium distentifolium</i>)	. 455	+.+		V	II	.	I	
Klólfting (<i>Equisetum arvense</i>)	. 21+	111		V	V	.	I	
Túnsúra (<i>Rumex actosa</i>)	1 .+1	+.+	1		IV	II	.	I	
Túnsóley (<i>Ranunculus acris</i>)	. 1.+		IV	.	.	.	
Vallelfting (<i>Equisetum pratense</i>)	. +.+		IV	.	.	.	
Barnarót (<i>Coeloglossum viride</i>)	. +.+		II	.	.	.	
Blágresi (<i>Geranium sylvaticum</i>)	. +.		II	.	.	.	
Fjallafoxgras (<i>Phleum alpinum</i>)	r +.	1		II	.	.	.	
Fjallasveifgras (<i>Poa alpina</i>)	+ +.	1		II	.	.	.	
Ljósadúnurt (<i>Epilobium lactiflorum</i>)	+ +.	1		II	.	.	.	
Rjúpastör (<i>Carex lachenalii</i>)	. +.		II	.	.	.	
Skænumosateg. (<i>Mnium</i> sp.)	. 1..		II	.	.	.	
Klukkublóm (<i>Pyrola minor</i>)	. +.		II	.	.	.	
Einkennistegundir finnugs-skollakambs félags:										
Aðalbláberjalyng (<i>Vaccinium myrtillus</i>)	. 2..	342	2r+.3+	.		II	V	V	V	V
Hálingresi (<i>Agrostis capillaris</i>)	2 .+.+	+.+	2121+1	I		II	IV	V	V	V
Finnungur (<i>Nardus stricta</i>)	. 1..	.2+	223232	.		.	IV	V	V	V
Haddmosateg. (<i>Polytrichum</i> spp.)	311	212211	1		.	IV	V	V	V
Ilmreyr (<i>Anthoxanthum odoratum</i>)	+.1.	112.+1	.		.	IV	V	V	V
Ljónslappi (<i>Alchemilla alpina</i>)	21+	+++	1		.	IV	V	V	V
Bugðupuntur (<i>Deschampsia flexuosa</i>)	+.1	1.1.1	.		.	V	III	IV	IV
Skollakambur (<i>Blechnum spicant</i>)2.	.4.4.4	.		.	II	III	III	III
Vallhæra (<i>Luzula multiflora</i>)+	.r....	.		.	II	I	I	II
Einkennandi tegundir fyrir skollabers deilifélags:										
Kornsúra (<i>Bistorta vivipara</i>)	. 1..	1++	...+.	.		II	V	I	III	III
Stinnastör (<i>Carex bigelowii</i>)	. .+	+.1	...+.	.		II	V	II	III	III
Bláberjalyng (<i>Vaccinium uliginosum</i>)	1.+	IV	.	II	II
Skollaber (<i>Cornus suecica</i>)	4.3	IV	.	II	II
Undafífill (<i>Hieracium</i> spp.)	. +.	..+	...+.	.		II	IV	I	II	II
Fjalladepla (<i>Veronica alpina</i>)r.	II	.	I	I
Einkennandi tegundir fyrir brönugrasa deilifélags:										
Brönugrös (<i>Dactylorhiza maculata</i>)	212211	.		.	.	V	IV	IV
Mýrfjóla (<i>Viola palustris</i>)	+++.	.		.	.	V	III	III
Þröðsef (<i>Juncus filiformis</i>)	+.2.+.	.		.	.	III	III	III
Fylgitegundir:										
Engjaskrauti (<i>Rhytidadelphus squarrosus</i>)	2 +.	...	1.1...	1		II	.	II	II	II
Móakló (<i>Drepanocladus uncinatus</i>)	. 1..	..2	...+.	.		II	II	I	II	II
Fjalladúnurt (<i>Epilobium anagallidifolium</i>)+.	.		.	.	I	I	I
Grasviðir (<i>Salix herbacea</i>)+	II	.	I	I
Klófifa (<i>Eriophorum angustifolium</i>)+.	.		.	.	I	I	I
Liframosar (<i>Hepaticae</i>)1.	.		.	.	I	I	I
Lokkmosateg. (<i>Brachythecium</i> sp.)1.	.		.	.	I	I	I
Mariustakkur (<i>Alchemilla vulgaris</i>)	2 4..	.2.	1		II	II	.	I	I
Mýrastör (<i>Carex nigra</i>)+.	.		.	.	I	I	I
Skógatildri (<i>Hylacomium splendens</i>)1.	.		.	.	I	I	I
Túnfífill (<i>Taraxacum</i> spp.)	1+	1		.	II	.	I	I

7 KÖNNUN Á FUGLALÍFI

7.1 Skarðsdalsvegur að skíðasvæði Siglfirðinga

Fyrirhugað vegstæði byrjar við flugvöllinn og fylgir vegi sem fyrir er til suðurs. Síðan beygir leiðin til vesturs yfir ræktað tún yfir á annan veg og fylgir honum yfir Fjarðará. Á þessum kafla eru ræktað tún með framræsluskurðum. Frá Fjarðará er farið yfir graslenda brekku stuttan spöl yfir á veginn upp að Skíðasvæðinu. Þetta graslendi er nýtt til hrossabeitar. Eftir það fylgir vegstæðið veginum upp að skíðasvæðinu nema ein beygja er tekin af. Á þessu svæði er mólendi fyrir utan skógræktarsvæði, sem vegurinn fylgir hluta af leiðinni.

Gengið var eftir fyrirhuguðu vegstæði og allir fuglar taldir sem voru innan 100 metra fjarlægðar frá vegstæðinu. Einnig var hugað að fuglum sem sáu utan þessa svæðis.

Fuglalíf á svæðinu var ekki mikið en það sem sást innan 100 metra frá veglínu var:

Lóupræll	1
Hrossagaukur	5
Stelkur	3
Óðinshani	3
Þúfuttlingur	4
Skógarþróstur	12

Vaðfuglarnir lóupræll, stelkur og óðinshani voru við neðsta hluta svæðisins, við túnin og við Fjarðará. Hrossagaukar sáu með allri leiðinni. Skógarþróstur og þúfuttlingar sáu nánast eingöngu við skógræktina. Skógarþróstur sækja í að verpa í skógarlundum og sækja oft út fyrir hann. Þannig voru flestir skógarþróstirnir sem sáu annað hvort á leið í skógarlundinn með æti eða á leið úr honum og væntanlega í ætisleit.

Af fuglum sem sáu utan 100 m fjarlægðar frá vegstæði má nefn heiðlóu sem sjálfsagt er varpflug í mönnum uppi í Skarðsdal. Einnig voru á Fjarðaránni tveir stokkandarsteggir á leið í felli ásamt nokkrum straumöndum.

Þar sem fyrirhugað vegstæði fylgir nánast vegi sem fyrir er og fuglalíf svæðisins er fábreytt og lítið þá má telja að þessi vegalagning hafi mjög lítil áhrif á fuglalíf.

7.2 Veginn í átt að Héðinsfirði - Skútudalsvegur

Fyrirhugað vegstæði byrjar rétt við suðurenda Langeyrarvegar stutt frá T-gatnamótum vestan flugvallar. Þar er hlykkur tekin af veginum með því að fara skamman spöl yfir blauta mýri. Síðan fer vegstæðið yfir þvervegin, yfir smá deiglendi og sveigir til austurs yfir Fjarðará. Eftir það fer vegstæðið til austurs yfir ræktað tún og svo yfir lágan háls yfir í Skútudal. Á þessum hálsi eru lítil mýrardrög en svæðið þar er að hluta til raskað vegna skurðar sem gengur þvert yfir hálsinn og er skammt frá vegstæðinu. Við skurðinn er heitavatsleiðsla sem hefur verið hulin jarðveginum úr skurðinum. Eftir að yfir hálsinn er komið þá á vegstæðið að fylgja gömlum vegi yfir ána og upp með henni samkvæmt korti sem undirritaður fékk. En stikur sem settar höfðu verið út til að merkja fyrir fyrirhuguðu vegstæði lágu aðra leið. Þær fóru upp með ánni sunnanverðri og yfir hana þegar komið var talsvert upp í dalinn. Þessi stikaða leið fór þvert yfir fallega óspillta hallamýri.

Samkvæmt munnlegum upplýsingum frá Erling Jenson hjá Vegagerðinni þá á vegstæðið á kortinu að gilda en ekki það sem sett var út með stikum. Leiðin samkvæmt kortinu mun því vera hér til umfjöllunar.

Leiðin sem um ræðir var gengin snemma að morgni laugardagsins 10. júlí. Allir fuglar sem voru innan við 100 metra fjarlægðar við fyrirhugað vegstæði nema kríur voru skráðir niður. Einnig voru fuglar sem sáust utan þess svæðis skráðir niður.

Þar sem vegstæðið byrjar er suðurendi á kríuvarpi sem er vestan Langeyrarvegur en nokkrar kríur verptu auk þess austan vegarins við ósa Fjarðarár. Í varpinu eru rúmlega hundrað pör. Hettumáfar verpa þar líka í bland við kríurnar (30-40 pör) en þeir eru flestir talsvert sunnar en fyrirhugað vegstæði fyrir utan tvö pör sem voru austan Langeyrarvegur við ósa Fjarðarár. Á þessu svæði voru greinilega jaðrakanar, stelkar og lóupælar með unga af atferli að dæma. Við Fjarðará voru æstir óðinshana og stökkandarsteggir á leið í felli. Á túninu sást lítið af fugli en þegar farið var yfir hálsinn þá lifnaði aftur yfir fuglalífina. Þar voru sandlóur, stelkar, jaðrakanar, spóar, skógarprestir og þúfutittlingar með varpatferli. Hrossagaukar sáust og stökkandarkolla fannst á hreiðri. Eftir að yfir ána í Skútudal kom sást aðeins einn þúfutittlingur innan 100 metra frá vegstæði.

Fjöldi fugla sem var innan 100 metra var því sem hér segir:

Stökkönd	3
Sandlóa	3
Lóupræll	2
Hrossagaukur	3
Jaðrakan	3
Spói	3
Stelkur	6
Óðinshani	2
Hettumáfur	3
Þúfutittlingur	3
Skógarþröstur	2

Áhrif fyrirhugaðs vegar á fuglalíf mun fyrst og fremst vera á tveimur svæðum. Annars vegar stax í byrjun þar sem farið er yfir blauta mýri. Kríurnar og hettumáfarnir munu ekki verða fyrir neinum teljandi áhrifum á því enda geta vörp þeirra færst til og þetta er í útjaðri þess. Búsvæði vaðfugla sem sækja í blautar mýrar mun minnka sérstaklega ef vegagerðin veldur þurrkun á landi vegna skurða. Betra hefði verið ef núverandi vegstæði fengi að halda sér á þessum stað enda er þarna góður vegur með bundnu slitlagi.

Hitt svæðið er utan í hálsinum vestanmegin þar sem mýrarnar eru. Best hefði verið ef vegurinn gæti farið sem næst hitavatnslögninni því þar er hvort eð er búið að raska og þurrka upp land.

Vegur í túninu og uppi í Skútudal mundi hafa fremur lítil áhrif á fugla. Þó má geta þess að straumendur sáust á ánni í Skútudal og grugg vegna ræsislagnar gæti haft áhrif á þær þar sem þær lifa á bitmýslirfum í botni árinna. Best væri því að leggja ræsi að haustlagi þegar endurnar hafa yfirgefið varpstöðvarnar.

8 VERNDARGILDI

Þúsundblaðarósadældirnar og gilin hafa vissulega verndargildi. Það kann að vera að þessar tegundir séu víða á snjóþungum svæðum landsins, en hins vegar veit enginn um gerð og útbreiðslu gróðurfélaganna sem þær mynda.

Finnungsbrekkur eru líklega víðar en þeim finnungsgróðurfélögum, bæði Skarðsdalsmegin og Skútudalsmegin, sem hér er lýst, hefur ekki verið lýst áður. Skyld gróðurfélög eru til í Ólafsfjarðarmúla. Þessi gróðurfélög aðgreinast samt sem mismunandi deilifélög (undirsveitir).

Finnungs-klófífumýrarnar að vísu til víðar t.d. í Héðinsfirði, en engar gróðurgreiningar eru til úr þeim og ekki er vitað um útbreiðslu þeirra á landinu. Á það skal bent að þeirri raklendu brekka sem þær eru í þ. e. brekkan upp í Skútudal hefur nánast ekki verið spillt með framkvæmdum og þess vegna ástæðulaust að raska henni með vegagerð.

9 TILMÆLI VEGNA FRAMKVÆMDANNA

Það fer eftir því hvernig unnið verður að vegagerðinni, hve mikið skemmist af grónu landi umhverfis veginn. Æskilegt er að hlífa burknadældunum efst á svæði 1. Það ætti að vera auðvelt, ef vegurinn verður gerður eins og hann hefur verið mældur út. Einnig er æskilegt að hlífa þúsundblaðarósargilinu og skollabersbrekkunni sem er í sama gili á svæði 3, t. d. með því að hnika veginum sunnar og gæta þess að aðkeyrð jarðefni fari ekki ofan í það

10 HEIMILDIR

Hörður Kristinsson 1998 Drög að útbreiðslukortum íslenskra blómplantna og byrkninga Handrit - Náttúrufræðistofnun Íslands, Akureyrarsetur.

Lid, J. & Agnes Tande Lid. 1994 Norsk Flora - Det Norske Samlaget Oslo 1994.

Stefán Stefánsson 1948 Flóra Íslands III. útg. aukin, Akureyri 1948.

Válisti 1 Plöntur Náttúrufræðistofnun Íslands, Reykjavík 1996.

